

Nefndasvið Alþingis
b.t. utanríkismálanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. maí 2017

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu fráverzlunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja, 263. mál.

Hinn 3. maí sendi utanríkismálanefnd Alþingis Félagi atvinnurekenda (FA) beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu fráverzlunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja, á þingskjali 365.


FA hvetur eindregið til þess að tillagan verði samþykkt og samningurinn fullgiltur. Ísland er lítið og opið hagkerfi, sem er mjög háð milliríkjaviðskiptum. Hagur íslenzks atvinnulífs er að milliríkjaviðskipti séu sem allra frjálsust og viðskiptahindranir sem fæstar. Íslenzkum stjórnvöldum ber, ýmist tvíhliða eða í samfloti við hin EFTA-ríkin að halda áfram að stækka og bæta net fráverzlunarsamninga við sem allra flest ríki heims.

Það er raunar svo að allir græða á fráverzlun og að unnið sé gegn einangrunarhyggju og verndarstefnu, ekki sízt almenningur í fátækari löndum heims. Auknum viðskiptum fylgja sömuleiðis aukin samskipti og fleiri tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum Íslands varðandi lýðræði og mannréttindi í ríkjum þar sem vantar upp á slíkt.

Fráverzlunarsamningurinn við Filippseyjar er líklegur til að efla viðskipti milli Íslands og Filippseyja, bæði innflutning og útflutning. Ýmis tækifæri felast í samningnum fyrir íslenzk fyrirtæki. Þá kveður samningurinn á um verklagsreglur við lausn deilumála sem upp kunna að koma í viðskiptum íslenzkra og filippseyskra fyrirtækja, hugverkavernd og fleiri atriði sem eru íslenzkum fyrirtækjum mikilvæg.

Félag atvinnurekenda áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum við tillöguna og er jafnframt reiðubúið að funda um málið.

Virðingarfyllt,
Félag atvinnurekenda


Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA